


SÍAVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐI SVVÍÐ	
Skj. N.	10.72
Innk.	18. JAN. 2011
Áb.	H6
SLR	1009086

Fjallabyggð



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð  
Hr. Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Fjallabyggð, 14.01.2011  
Nr. erindis 1009179 / SVÁ

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2010/2011

Á 59. fundi bæjarstjórnar var samþykkt samhljóða að vísa ofanrituðu máli til endanlegrar afgreiðslu í bæjarráði.

Á fundi bæjarráðs föstudaginn 14.01.2011, kl. 13.00 var málið afgreitt og bæjarstjóra falið að svara erindinu.


Rétt er að taka fram að í bréfi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti er úthlutað byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 þannig að; Siglufjörður fær 150 þorskígildistonn og Ólafsfjörður fær 58 þorskígildistonn. Í bréfinu kemur og fram ábending um, að sé það vilji bæjarstjórnar að leggja til við ráðuneytið sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta, skal skila inn tillögum þar að lútandi eigi síðar en 18. janúar 2011.

- Bæjarráð tekur undir áherslur ráðuneytisins sem leggur ríka áherslu á að byggðakvóta sé landað til vinnslu innan viðkomandi byggðarlags / sveitarfélags.
- Bæjarráð fagnar þeirri breytingu sem tekin hefur verið inn í reglugerðina þar sem nú segir m.a; "Með vinnslu á bolfiski skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu og eða herslu".

Bæjarráð telur best að halda sig að mestu leyti við þær reglur sem voru í gildi við síðustu úthlutun. Þó með breytingum hvað varðar hámark og vinnslu afla.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu að sérúthlutunarreglum fyrir Fjallabyggð vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011.

1. Að ekkert fiskiskip hljóti meiri afla en 50 þorskígildislestir á Siglufirði og 40 þorskígildislestir í Ólafsfirði.
2. Að í stað orðalagsins "hlutaðeigandi byggðarlaga" í upphafi 6. greinar reglugerðar nr. 82/2010 komi "sveitarfélagsins". Greinin orðist því þannig breytt:



"Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags þ.e. Fjallabyggðar, afla sem nemur, í þorskigildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunar- og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu".

Rök fyrir ofangreindum tillögum eru þessi:

1. Fiskveiðiárið 2009/2010 tókst ekki að úthluta byggðakvóta í Ólafsfirði miðað við 25 tonna hámark með þeim afleiðingum að hluti byggðakvótans var ekki veiddur. Hækkun hámarksins er hugsuð til að minnka líkur á að þetta gerist aftur og tryggja jafnari skiptingu. Jafnframt teljum við að breytingin muni flýta fyrir úthlutun.

2. Tillaga þessi hefur áður hlotið samþykki vegna fyrri fiskveiðiára. Þar sem fáir vinnsluaðilar eru í hvoru byggðarlagi er fákeppni á kaupendamarkaði. Með því að horfa til sveitarfélagsins alls í stað byggðarlaga er opnað á samkeppni milli kaupenda og möguleikar útgerðaaðila á sölu auknir. Þannig samþykkt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

  
Sigurður Valur Ásbjarnarson  
Bæjarstjóri